

Nóvember 2017



Stefnumótun til framtíðar

Flatir á Vífilstaðavöllum

Unnið af starfsfólki GKG


Inngangur

Við hjá GKG lentum í vandamálum með flatirnar okkar í sumar. Vallarstjóri sendi frá sér greinargerð í lok júní þar sem ástæðan var tíunduð. Mikil vinna var lögð í flatirnar og þær náðu sér að einhverju leiti en við erum engu að síður ekki sátt við gang mála. Starfsfólk GKG hefur greint stöðuna ásamt því að leita til félagsmanna um hug þeirra til flata GKG. Annars vegar voru þeir spurðir út í núverandi stöðu og hins vegar hvernig þeir vilja sjá flatirnar í framtíðinni. Þessi skýrsla er afurð þeirra vinnu, upphafið af því að snúa vörn í sókn með það að meginmarkmiði að flatir GKG verði með þeim bestu á landinu.




Núverandi staða

Megin grastegund flatanna hjá GKG er Túnvingull (*Festuca rubra*). Í flötunum er jafnframt varpasveifsgras (*Poa annua*) sem er einær grasplanta og sáir hún sér í skemmdir og veika bletti. Poan er grófari planta en túnvingullinn auk þess sem hún vex hraðar. Þetta tvennt leiðir af sér að seinni part dags getur hún litið út eins og snarrót í flötunum. Í júní myndar poan fræhaus og er þá mun sýnilegri en ella. Á undanförunum árum hefur hlutfall þou í flötum GKG aukist úr 10 til 15% upp í 20 til 30%. Ástæðan fyrir því að hún var erfiðari viðfangs í ár en áður er sú staðreynd að hún lifði af mildan vetur. Við fyrstu áburðargjöf í vor eflidist hún til muna og varð þess valdandi að við vorum í varnarbaráttu allt sumarið. Sú varnarbarátta leiddi af sér harðari flatir um leið og aukið magn poa leiddi af sér að boltinn hélt ekki nægjanlega vel línu eftir að nokkuð var liðið frá slætti.



Flatir GKG eru byggðar upp með þeim hætti að þær liggja á púða úr bögglabergi sem nær niður á frostfrítt. Þá tekur við rótarlög sem er um 30 cm sem er að megninu til úr sandi. Í GKG eru þrjú mismunandi rótarlög. Á gamla hlutanum er rótarlagið sjávarsandur frá Björgun upp í Leirdal er þéttari sandur, einnig frá Björgun. Á nýju flötunum er svo fjörusandur frá Eyrarbakka, vikurblandaður. Í framtíðarplani varðandi viðhald flata þarf að taka mið af þessum mismuni. Efsta lagið er svokallað þæfislög (*e. Thatch*) sem er lífrænt plöntuúrgangslag.



GKG er ungur klúbbur sem hefur byggt upp 27 holu golfvöll á síðastliðnum 23 árum, yngsti hluti Leirdalsins var opnaður árið 2007. Miklar fjárfestingar hafa átt sér stað undanfarin ár eins og t.d. í vökvunakerfi, malbikun stíga, byggingu Íþróttamiðstöðvar og fleira. Á sama tíma höfum við eftir fremsta megni reynt að byggja upp álitlegan vélakost sem er lykilforsenda þess að viðhald vallarins sé með besta hætti. Vélakostur okkar er þó ekki ennþá sambærilegur við nágrannaklúbba okkar. Okkur vantar til dæmis tæki til áburðuargjafar og endurnýjun tækja hefur verið lítil undanfarin 3 ár sem hefur t.d. leitt af sér

að seinni hluta sumars gátum við ekki slegið lágkarga (*semi rough*) í kringum flatir seinni hluta sumars þar sem sú vél gaf upp öndina.

Ef við berum flatirnar okkur saman við nágrannaklúbbana, þá eru þeir flestir með svipað magn af þou eða meira í sínum flötum. Þéttleiki grass er meiri hjá þeim og því ber minna á Þou í þeirra flötum en okkar.

Upplifun félagsmanna í GKG af flötunum í sumar var með þeim hætti að hraðinn væri ásættanlegur en þeim þóttu flatirnar ekki taka nægilega vel við boltanum sem og að boltinn héldi ekki línu með ásættanlegum hætti.

Forgangsröðun félagsmanna sem eru með lægri forgjöf varðandi eiginleika flata er:

1. Boltinn haldi línu
2. Flötin taki við boltanum
3. Hraði

Forgangsröðun félagsmanna með hærri forgjöf varðandi eiginleika flata er:

1. Flötin taki við boltanum
2. Boltinn haldi línu
3. Hraði

Draumaflötin

STERF, Norræni grasvalla- og umhverfisrannsóknarsjóðurinn gaf út rit um reynslu og leiðbeiningar valinkunna vallarstjóra um notkun og viðhald golfvalla sem nota túnvingul sem megin grastegund á Norðurlöndum. Túnvingullinn vex villt í Evrópu, Asíu og Norður Ameríku og er meginuppistaða í flötum á breskum strandarvöllum. Túnvingullinn hefur verið að ryðja sér rúms síðustu áratugin á Norðurlöndunum einkum og sér í lagi vegna þess að plantan er harðgerð, þolir vel frost um leið og hún býður upp á framúrskarandi gæði. Miðað við aðrar grastegundir er hún viðhaldslítill, vaxtarhraðinn er hægur og hún þarf litla vökvun. Flatir sem byggja á túnvingli halda vel línu og auðvelt er að ná upp hraða á flötunum. Túnvingullinn þolir vel sýkingar af ýmsu tagi og því er hægt að ná góðum gæðum snemma á leiktímabilinu. Eiginleikar túnvingulsins leiða af sér að yfirborðið er almennt harðara en þar sem aðrar

grastegundir eru notaðar. Ein helsta ástæðan fyrir því að túnvíngull hentar vel við íslenskar aðstæður er sú að hún er ein harðgerðasta plantan varðandi vetrarþol. Algengasta orsök vetrarskaða á Norðurlöndum er svellkal þar sem plantan kafnar undir svelli. Við hjá GKG þekkjum það vel, eftir svellveturinn mikla 2013 - 2014, komu flatirnar mun betur undan svellinu en brautirnar, sem margar hverjar voru graslausar að töluverðu leiti og kostaði það mikla vinnu og um þrjár milljónir í grasfræjum að rækta þær aftur upp. Ef flatirnar hefðu skemmst með sama hætti hefðum við án efa þurft að láta frá okkur Íslandsmótið í högggleik sem haldið var sama ár, auk þess sem flatirnar hefðu verið graslitlar fram eftir sumri. Túnvíngullinn er því mikið í sókn á Norðurlöndunum og í Danmörku er fjöldinn allur af golfvöllum að færa sig yfir í túnvíngulsflatir.

Í ljósi eiginleika túnvíngulsins eru þannig flatir jafnframt að ryðja sér rúms á Íslandi. Nýju flatirnar í Brautarholdi og Keili eru 100% túnvíngull, flatirnar í Mosfellsbæ og Korpunni eru jafnframt með túnvíngul sem megin grastegund og dæmi um golfklúbb út á landi sem byggir flatirnar upp á túnvíngli er Selfoss. Hjá Oddi er blanda af túnvíngli, bent grasi og pou.

Í ljósi þess að túnvíngulsflatir eru ódýrari í öllu viðhaldi, eru með litla sýkingarhættu, þola frostavetur betur og halda vel línu mun GKG leggja áherslu á að túnvíngullinn verði megingrastegundin á flötum GKG. Samhliða því verður unnið að því að minnka vægi pounnar og auka mýkt flatanna.




Aðgerðaáætlun GKG

Eins og að framan er getið þá hefur starfsfólk GKG unnið að aðgerðarplani sem miðar að því að flatir GKG verði meðal þeirra bestu á Íslandi. Vinnan fór fram með þeim hætti að staða flatanna var greind, leitað var til félagsmanna varðandi upplifun þeirra af flötunum í sumar og óskir um eiginleika þeirra auk þess sem leitað var ráðgjafar sérfræðinga. Vallarnefnd GKG fjallaði um niðurstöðunnar og stjórn GKG og var neðangreind aðgerðaráætlun samþykkt á fundi stjórnar þann ...

Aðgerðaáætlun GKG felur í sér að styrkja túnvingulinn þannig að minna beri á pounni, fá heilbrigðari og þéttari flatir og vinna að því að mýkja flatirnar þannig að þær taki betur við boltanum. Markmiðið er að allar flatir verði með hraða sem næst 8,5 til 9 á stimp mæli. Tekin verða sýni úr völdum flötum og áburðargjöf mun taka mið af þeim niðurstöðum.

Lykilþættir í áætluninni eru eftirfarandi:

1. Fjárfest verður í úðabíl. Úðabíllinn er tölvustýrður og afar fullkominn. Með honum er hægt að stjórna áburðargjöf með allt öðrum hætti en hægt hefur verið hingað til. Notast verður við fljótandi áburð og áburðargjafir verða tíðari og minna magn notað í hvert skipti (Sjá mynd að neðan).



2. Í seinni part júlí verður farið í tappagötun. Mánaðarlega verða flatirnar örgataðar (fíngötun). Kylfingar verða lítið varir við slíka götun nema röskunina daginn sem hún á sér stað. Flatirnar eru vel spilhæfar á eftir. Farið verður í yfirsáningar og raðsáningar samkvæmt viðhaldsdagatali.
3. Notast verður við vaxtarstjórnunarefni. Forsendan fyrir notkun á því efni er úðabíllinn. Vaxtarstjórnunarefnið hægir á vexti grass og mun poan ekki vera eins sýnileg seinni

part dags þegar liðið er frá slætti. Þá verður notast við vatnsmiðlunarefni til að jafna og viðhalda raka í flötunum.

4. Áburðardagatal verður gert í framhaldi af niðurstöðum sýnatökunnar. Taka verður þó mið af veðurfari við áburðargjöf.
5. Burstar verða settir framan á flataslátturvélarnar. Þeir ýfa upp grasvörðinn og tryggja það að gras sem vex til hliðar (Poa) sláist jafnt á við gras sem vex beint upp.
6. Slátturdögum verður fækkað og flatir verða valtaðar í staðinn. Það þýðir minni streitu fyrir grasið og það þéttir sig meira.
7. Söndun verður aukin. Kylfingar verða lítið varir við hana nema þegar unnið er að sönduninni því slóði er dreginn yfir flötina strax eftir söndun. Þá hverfur megnið af sandinum niður í þæfislagið.
8. Til að tryggja jafna mýkt í flötum verður fjárfest í rakamæli og mun öll vökvun taka mið af niðurstöðum rakamælinga.

Ef lykilþættirnir eru brotnir niður á markmiðin okkar þá hafa þeir eftirfarandi áhrif:

Hraði á flötum: – Liður 6, slegið verður með tveimur sláttuvélum með tveimur sláttuhæðum. Mælingar verða örari og sláttuvélum raðað á flatir miðað við þær niðurstöður.

Boltinn heldur línu: – Almennt er það þannig að heilbrigðari flatir halda betur línu. Liðir 1, 3, 5, 6 og 7 munu stuðla að því markmiði að boltinn haldi betur línu.

Flatirnar taki betur við: – Mýkri flatir taka betur við boltanum, sem og flatir sem eru með þéttari grasvöxt. Liðir 2, 3, 7 og 8 munu stuðla að meiri mýkt og þéttari grassverði og gera það að verkum að flatir GKG munu taka betur við boltanum.

GKG nóvember 2017

Skýrsluhöfundar:

Guðmundur Árni Gunnarsson og Agnar Már Jónsson

Unnið með:

Guðna Þorsteini Guðjónssyni, Kristni Bjarna Heimissyni og Úlfari Jónssyni.

Rýnt og samþykkt af vallarnefnd GKG þann 13. nóvember 2017

Samþykkt af stjórn GKG þann 14. nóvember 2017